

Rad-Sure™
gerð 15 Gy og gerð 25 Gy
Geislavísir fyrir blóð
Notkunarleiðbeiningar
Endursk. 04: Apríl 2018

Þegar Rad-Sure gerð 15 Gy og gerð 25 Gy vísar eru settir á blóðafurðir sýna þeir hvort þær hafi verið geislaðar. Áður en blóðafurð og áfestur vísir eru geisluð sýnir vísirinn „NOT IRRADIATED“ (EKKI GEISLAÐ). Eftir að blóðafurð og áfestur vísir hafa verið geisluð hverfur orðið „NOT“ (EKKI) á vísinum og þess í stað stendur „IRRADIATED“ (GEISLAÐ). Einungis skal nota Rad-Sure vísa með geislatækjum með sesíum-137 eða kóbalt-60 geislalindir, eða aðrar lindir með jafnmikilli eða meiri orku.

Ath.: Rad-Sure vísar gefa aðeins til kynna að geislun hafi átt sér stað. Þeir mæla ekki skammtinn frá geislatæki. Þá má eingöngu nota með geislatækjum sem vinna rétt og eru rétt stilltir. En vegna mismunandi lýsingar, lotanúmera og sjónar notanda, kunna Rad-Sure vísar að sýnast algerlega ógegnsæir jafnvel eftir útsetningu sem nemur minna en lágmarksskammti fyrir vöruna. Því má aldrei nota Rad-Sure vísa til að stilla geislatæki.

1. Ekki skal útsetja fyrir 50°C (122°F)-Forðastu að hafa lengi við hátt hitastig.
2. Taktu þann fjölda vísa sem þarf úr öskjunni. Leitaðu að orðinu „NOT“ (EKKI) í glugga hvers vísis. Ekki má nota vísinn nema að orðið „NOT“ (EKKI) sjáist greinilega (sjá mynd 1a).
3. Gættu að fyrningardagsetningu vörunnar sem fram kemur á vísinum. Ef varan er komin fram yfir fyrningardagsetningu má ekki nota vísinn.
4. Skráðu dagsetningu og upphafsstafi notanda í þar til gerða reiti á vísinum.
5. Flettu bakhliðinni af vísinum með því að beygja blaðið. Varastu að snerta límlagið með gúmmíhönskum. Settu vísinn þétt á viðeigandi, hreinan og þurrann stað á blóðeininguna áður en hún er geisluð.
6. Geislaðu blóðeininguna með áfestum vísinum í gammageislatæki við eða yfir ráðlögðum lágmarksskammti.
7. Eftir geislun skal athuga á vísinum hvort glugginn sé svartur og hylji orðið „NOT“ (EKKI). Á vísinum á nú að standa „IRRADIATED“ (GEISLAÐ) (sjá mynd 1b). Ef orðið „NOT“ (EKKI) sést ennþá skal láta umsjónarmann vita tafarlaust.
8. Settu þá vísa sem eftir eru aftur í öskjuna og lokaðu henni til að koma í veg fyrir að vísarnir verði fyrir beinu sólarljósi eða útfjólubláu ljósi. Ekki nota vísana í örbylgjuofnum.
9. Geymdu vísana við eða undir 25°C. Geymdu fjarri öllum geislalindum, þar með töldum gammageislum, röntgengeislum, rafeindatækjum og örbylgjum.
10. Rad-Sure vísur má farga með hættulausum úrgangi þegar þeir eru ekki á íláti með hættulegum úrgangi. Geymsluþol Rad-Sure vísa er 36 mánuðir frá framleiðsludegi.

Fyrirvari: Þær upplýsingar sem fram koma hér eru taldar áreiðanlegar en skulu ekki teljast staðhæfing, ábyrgð eða trygging og eru viðskiptavinir hvattir til gera eigin prófanir. Engin meðmæli eða heimild er

gefin í skyn sem brýtur gegn neinum einkaleyfum eða öðrum eignarrétti og Ashland Specialty Ingredients G.P. ber enga ábyrgð á neinu slíku broti.

Rad-Sure er skráð vörumerki Ashland
Einkaleyfi í BNA númer 7445880

Ashland Specialty Ingredients G.P.
1005 Rt. 202/206
Bridgewater, NJ 08807
BNA

Til að panta aftur innan BNA skal senda tölvupóst til AdvancedOrders@Ashland.com


Til að fá þjónustu eða upplýsingar í BNA skal senda tölvupóst til: AdvancedMaterials@Ashland.com

Til að fá þjónustu eða upplýsingar utan BNA skal hafa samband við dreifingaraðila á staðnum. Til að finna hver er dreifingaraðili á staðnum skal hafa samband við AdvancedMaterials@Ashland.com


Skráningarnúmer hjá matvæla- og lyfjaeftirliti BNA (FDA): A976736

product list

product	product code
rad-sure™ 15 Gy blood irradiation indicators	831377
rad-sure™ 25 Gy blood irradiation indicators	831379







Mynd 1a



Mynd 1b

rad-sure™ gamma irradiation indicators before and after irradiation

Tákn	Heiti tákns
	Lotukóði
	Síðasti notkunardagur
	Framleiðandi
	Einnota